
FORNLEIFASKRÁNING Í LANDI KIRKJUFERJU Í ÖLFUSI



BRYNJA ÁRNADÓTTIR (RITSTJÓRI)

HÖFUNDAR EFNIS: BRYNJA ÁRNADÓTTIR, LILJA LAUFHEY DAVÍÐSDÓTTIR, RAGNHEIÐUR GLÓ
GYLFADÓTTIR OG STEFÁN ÓLAFSSON

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2025

FS1060-25331



*Á forsíðumynd er tóft ÁR-493:023, horft er til austurs.
Myndina tók Brynja Árnadóttir.*

Verkefnanúmer MÍ: 3484

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar sem unnin var innan 5 ha deiliskipulagsreits í landi Kirkjuferju í Ölfusi. Ásvæðinu er fyrirhugað að byggja fjögur íbúðarhús. Skráningin var unnin af Fornleifastofnun Íslands fyrir hönd landeigenda. Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa á svæðinu og var þá aðeins skráð ein fornleif innan svæðisins en þrjár rétt utan þess. Við skráninguna 2025 fundust tvær fornleifar til viðbótar innan svæðis. Allar fornleifar innan deiliskipulagsreitsins voru skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en aðrar fornleifar voru einungis taldar í hættu.

Efnisorð:

Fornleifaskráning, deiliskipulag, Fornleifastofnun Íslands, Kirkjuferja, Ölfus.

Summary

This report presents the findings of a detailed archaeological survey conducted within an 5-hectare assessment area at Kirkjuferja in Ölfus. The survey was carried out by The Institute of Archaeology in Iceland on behalf of the landowner as part of the planning process for proposed developments on the property. Previously a general archaeological survey had been carried in the area by the Institute. That survey had identified one site within the area and three sites just outside of it. In the 2025 survey the known sites were revisited and additionally two additional sites were recorded. The sites within the area are all considered to be at high risk due to the proposed construction activities. Other sites are considered at low risk.

Keywords:

Archaeology, detailed planning, Institute of Archaeology (Iceland), Kirkjuferja, Ölfus.

Efnisyfirlit


1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	10
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	12
4. Fornleifaskrá	15
5. Niðurstöður.....	21
6. Heimildir	24
Viðauki: Minjakort	25



Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðis er sýnd á kortinu með rauðum punkti. Kort: Landmælingar Íslands og FSÍ.

1. Inngangur

Í ágúst 2025 var unnin fornleifaskráning innan 5 ha deiliskipulagsreits í landi Kirkjuferju í sveitarfélaginu Ölfusi. Skráningin var gerð fyrir hönd landeigenda vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan svæðisins en þar er ráðgert að byggja fjögur íbúðarhús og leggja veg að þeim.



Mynd 2: Deiliskipulagssvæðið er um 5 ha og er afmarkað með gulri línu á myndinni. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Skráningarsvæðið er afmarkað af malarvegi að vestan. Frá honum liggur minni vegur til austurs, að fjárhúsum og sker hann því úttektarsvæðið. Á öðrum hliðum eru mörkin gróflega afmörkuð af girðingum. Úttektarsvæðið er grasi gróið og deiglent en nyrst er gróinn melur. Ferjulækur liggur inn á svæðið um 70 m norðan við áður nefnd fjárhús og rennur hann meðfram vesturhlið þeirra. Nokkuð deiglent er bæði sunnan og norðan við veginn að fjárhúsunum auk þess sem smáþýft er sunnan hans. Ýmiskonar

rask hefur orðið á svæðinu í gegnum tíðina og á Ferjulækurinn það m.a. til að vaxa mikið í leysingjum og ganga þá yfir svæðið. Við austurhlið deiliskipulagssvæðisins, norðan fjárhúsa, hefur efni einnig verið tekið og eru þar nokkrar malargryfjur. Á gömlum loftmyndum frá 1975 má sjá að við suðvesturhorn svæðisins var skemma sem nú hefur verið rifin. Áður lá vegur einnig frá núverandi heimreið til suðausturs inn á mitt úttektarsvæðið og síðan til suðvesturs að skemmunninni. Enn sjást ummerki hans á yfirborði norðarlega á úttektarsvæðinu. Nú er svæðið nýtt fyrir hrossabeit. Úttektarsvæðið er um 100 m norðaustan gamla bæjarins á Kirkjuferju en er aðeins um 40 m norðaustan gamla heimatúnsins. Svæðið var nýtt fyrir útbeiti á fyrri tíð en nú er nyrsti hluti þess lítið notaður þar sem gróðurhulan er þunn. (sjá mynd 2).

Fornleifastofnun Íslands vann aðalskráningu fornleifa í Ölfusi árin 2012-2018 og var Kirkjuferja ein þeirra jarða sem tekin var út 2016. Skýrsla um skráninguna var gefin út árið 2020.¹ Í aðalskráningu er aðeins gengið á þekkta staði og þeir skráðir en svæði ekki þaulgengin líkt og krafa er gerð um vegna umhverfимats og deiliskipulags. Ein fornleif var þá skráð innan svæðisins. Þrjár fornleifar voru skráðar skammt utan þess en þær voru allar innan 15 m frá mörkum úttektarsvæðisins 2025 og þar sem helgunarsvæði minja er 15 m frá ystu mörkum minjastaða voru umræddir staðir teknir með í skráningunni.

Skráningin 2025 var unnin síðla í ágúst og svæðið gengið skipulega í leit að minjum. Ein af þeim minjum sem hnitsett hafði verið utan marka skipulagssvæðis (traðir ÁR-494:004) náði inn á svæðið og var því hnitsett þar að þessu sinni. Samtals voru því fjórar fornleifar skráðar innan marka úttektarsvæðisins og að auki tvær minjar skammt utan við mörkin. Skráningin var unnin af Brynju Árnadóttur, fornleifafræðingi og var úrvinnsla og skýrslugerð unnin í beinu framhaldi. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar og uppbyggingin er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir

¹Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstj.), 2020.

skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um minjarnar sem skráðar voru. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og viðauki með minjakorti.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanfórnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:


- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.



Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-493:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-493:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar

upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni og hver staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-493:012).

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki.

Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á bæði langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í og tímabundna hættu. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) mikil hætta. Algengar langvarandi hættuorsakir eru t.d. ábúð í nágrenni minja, túnræktun eða uppblástur. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi og er hættumatid þannig

notað til að vekja athygli á minjastöðum innan skipulags. Á síðari stigum er þá gjarnan tekið tillit til minja við útfærslu framkvæmda, eða ef það er ekki unnt, beðið um álit Minjastofnunar Íslands á því hvort og þá með hvaða skilyrðum slíkir minjastaðir mega víkja.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-493 Kirkjuferja

Sögulegar heimildir

1397: „LXXXI. Kirkiuferia. Ad Kirkiuferiu fylger fylger kyr oc ein ær. Hun a jnnan sig krossa .ij. crucifi xum j hvsi med vnderstodumm. paxspialld. kluckur .ij. alltarizklædi oc dvkur. nportio Ecclesiæ vmm .x. är næstu .ijc. fellur nidr .ij. merkur af portione firir vppgiord a kirkiunni.“ DI IV, 92.

1544: „skyldi [sr. Jón Bjarnason] suara halfkyrkiunni a Kyrkiuferiu þeim iiij kugilldum sem eg atti ad suara.“ DI XI, 295. 1545: segir Gissur biskup í minnisgrein að ráð sé fyrir gert að Arnór Eyjólfsson skuli taka 4 kúgildi “sem nu uoru radstafalaus og fylgt hafa kirkiuferiu enn ec skal sialfur j suari uid kirkiuna vm þau kugilldi.” DI XI, 450.

1569: „16.9.1569 selur Vigfús Jónsson með samþykki Ólafs bróður síns Skálholtsdómkirkju Kirkjuferju, og var kaupahlutinn 30 hdr að dýrleika en kirkjuhlutinn 10 hdr og fylgdu jörðinni 8 málnytukúgildi.“ DI XV, 313. “Landamerki: Úr Mókeldukjafti við Ölfusá lína til norðurs í Árnadys (sjá Auðsholt). Þaðan í hol norðan við Hvolsskyggni (Hvolsborg/[Ferjuborg?]). Þaðan lína til austurs í hornmark Hvols og Þórustaða. Þaðan lína til suðurs í Ölfusá, milli Kirkjuferju og Þórustaða. Þessi mörk eru ekki gildandi nú. Bræðrabýli hefur fengið drjúga landspildu af Hvolslandi.” Ö-Kirkjuferja, 1

1706: „Jarðdýrleiki er óviss, því jörðin tíundast öngvum og hefur ei tíundast so langt menn minnast“ JÁM II, 395.

1847: 42 hdr., Bændaeign. JJ, 74.


Landkostir

Túnakort 1920: Tún 5.5 ha, þar af c. 1/4 slétt. Garðar 960 m².

„Afrjett á jörðin ut supra. Móskurður nægur til eldiviðar brúkast árlega. Kotferja brúkar yfir Ölvessá torfskurð, móskurð og nokkrar slægjur í jarðarinnar landi, vide Kotferju. [...] Engjar eru í hagbeitarlandi það hent verður. Hætt er kvikfje fyrir giljum, graflækjum og pyttum.“ JÁM II, 395.



Þúst ÁR-493:002, horft til suðvesturs.



Mynd 4: Uppmæling af þúst ÁR-493:002.

1397: LXXXI. Kirkiuferia. Ad Kirkiuferiu fylger fylger kyr oc ein ær. Hun a jnnan sig krossa .ij. crucifixum j hvsi med vnderstodumm. paxspialld. kluckur .ij. alltarizklædi oc dvkur.nportio Ecclesiae vmm .x. ár næstu .ijc. fellur nidr .ij. merkur af portione firir vppgiord a kirkiunni; DI IV, 92.

1544 skyldi [sr. Jón Bjarnason] suara halfkyrkiunni a Kyrkiuferiu þeim iiii kugilldum sem eg atti ad suara – DI XI, 295.

[1545] segir Gissur biskup í minnisgrein að ráð sé fyrir gert að Arnór Eyjólfsson skuli taka 4 kúgildi “sem nu uoru radstafalaus og fylgt hafa kirkiuferiu enn ec skal sialfur j suari uid kirkiuna vm þau kugilldi.” DI XI, 450.

16.9.1569 selur Vigfús Jónsson með samþykki Ólafs bróður síns Skálholtsdómkirkju Kirkjuferju, og var kaupahlutinn 30 hdr að dýrleika en kirkjuhlutinn 10 hdr og fylgdu jörðinni 8 málnytukúgildi – DI XV, 313.

"So segja menn hjer jafi að fornu kirkja verið; sjást enn nú merki kirkjugarðs, og er þar nú tóftarstaði eftir, sem kirkjan skyldi staðið hafa. Enginn minnst hjer hafi tíðir verið fluttar," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Í ornefnaskrá segir: "Kirkjuhóll. Hóll austur á túninu, sunnan vegar. Álagablettur [sjá 007]. Blettur við hólinn, sem ekki mátti slá (sennilega tún huldufólksins, sem í hólnum bjó)." Kirkjuhóll er um 75 m norðaustan við bæ 001, um 30 m austan við skemmu og um 20 m sunnan núverandi malarheimreiðar. Svæðið er afgirt og notað sem bithagi fyrir hesta. Fyrst var komið að Kirkjuferju árið 2004 í tengslum við skráningu á bænhúsum á Íslandi og svo var tóftin tekin úr aftur þegar jörðin var aðalskráð árið 2016. Þegar hóllinn var aðalskráður voru áberandi ummerki eftir yfirferð stórra vinnuvéla og gæti það hafa orsakað skritið lag tóftarinnar. Þar að auki hefur átroðningur dýra sem beitt hefur verið á svæðinu í gegnum árin líklega haft áhrif á yfirborðsummerki. Enn má þó greina mannvirki á hólnum en mörk þess eru þó ekki skýr. Hóllinn sjálfur er um 20 x 20 m á stærð og um 0,5 m á hæð. Hann er í halla til austurs og rennur þar saman við brekkuna. Tóftin á honum er grænni en umhverfið, um 9 x 8 m að stærð og snýr í norðvestur-suðaustur. Enginn inngangur er greinanlegur inn í tóftina. Veggirnir eru torfhlaðnir, um 0,15 m á hæð og grónir. Hóllinn er um 13 m suðvestan skipulagsmarka.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: hætta, vegna framkvæmda.

Heimildir: JÁM II, 395; Ö-Kirkjuferja, 2; DI IV, 92; DI XI, 295; DI XV, 313.

ÁR-493:021 Gilsbakki þúst þurrabúð

A 396610 N 384203



Þúst ÁR-493:021, horft til austurs.

„Þurrabúð, sem stóð austan við Rásina, suðaustur af núverandi Hjáleigu. Í byggð í skamman tíma eftir síðustu aldamót,“ segir í örnefnalýsingu. Býlið stóð um 440 m norðan við bæ 001, austan við núverandi heimreið. Það er nú um 13 m norðan landamerkja Kirkjuferju og er því staðsett á jörð Kirkjuferjuháleigu. Þar er nokkur dæld í landslaginu þar sem girðing liggur samsíða veginum. Svæðið er óræktað, grasivaxið og í halla til austurs. Nokkuð blautt og deiglent er á svæðinu. Minjarnar eru mjög grónar og vex þar hátt og mikið gras. Þar sést óljós veggur sem snýr austur-vestur. Hann er um 4 m langur og beygir til suðurs en verður fljótt ógreinilegur. Veggurinn er um 0,4 m á hæð. Dæld er í landslaginu þar sem býlið hefur líklega staðið. Þegar komið var á svæðið árið 2025 var fyrrnefndur veggur

ekki vel greinilegur vegna gróðurs. Þústin er um 13 m norðan skipulagsmarka.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: engin hætta.²

Heimildir: Ö-Kirkjuferja, 4.

ÁR-493:023 tóft hrútakofi

A 396594 N 384156



Tóft ÁR-493:023, horft til norðurs.

Tóft er um 400 m NNA bæjar 001 og fast austan malarvegar sem liggur að bænum á Kirkjuferju. Hún er rétt um 6 m frá vesturmörkum úttektarsvæðis 2025. Tóftin er á grónu malarholti sem hallar til suðurs. Tveir greinilegir toppar eru á holtinu og er tóftin við hlið þess vestari. Tóftin er ferhyrnd, um 2,5 x 3,5 m á stærð og snýr í norður-suður, opin til suðurs. Veggir hennar eru grjóthlaðnir og vel grónir. Töluvert hefur hrúnið úr þeim og má sjá steina bæði inni í tóftinni og framan hennar. Norðurveggurinn er heillegastur, um 0,5 m á hæð og eru tvö umför grjóts greinanleg í honum. Austur- og vesturveggirnir samanstanda af stakri steinaröð sem rís ekki nema 0,2 m. Lag og stærðtóftar bendir til að hún hafi verið lítið skepnuhús, hugsanlega hrútakofi.

Langvarandi hættumat: engin hætta.

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda.

² Venjan er að fornleifar sem eru innan 15 m frá mörkum deiliskipulags fái lágmarks hættumat og séu þar með skilgreindar „í hættu“. Í þessu tilviki liggja landamerki á milli fornleifarinnar og deiliskipulagsmarkanna og því eru litlar líkur taldar á raski. Af þeirri ástæðu var fornleifin ekki metin í hættu.

ÁR-493:024 gerði óþekkt

A 396659 N 384189



Tóft ÁR-493:024, horft til vesturs.

Gerði er um 450 m NNA bæjar 001 og um 65 m norðaustan tóftar 023. Gerðið er á óræktuðu og grasi grónu svæði sem er nokkuð deiglent. Það er ferhyrnt, um 14 x 14 m á stærð og snýr í norðvestur-suðaustur. Gerðið sést fremur illa á yfirborði en er vel greinileg á loftmyndum. Landamerkjagirðing, sem afmarkar einnig úttekarsvæðið 2025, liggur þvert yfir gerðið sem veldur því að norðvesturhlutinn er í landi Kirkjuferjuhjáleigu. Áður fyrr var slóði meðfram suðurhlið girðingarinnar frá heimreiðinni að Kirkjuferju og inn í stykki sem er nokkuð austar. Ætla má að vegagerðin hafi valdið nokkru raski á tóftinni auk þess sem beit á svæðinu kann að hafa haft áhrif á yfirborðsminjar. Allir veggir tóftarinnar eru rofnir og í raun aðeins moldarflag og þúfumyndun gefur til kynna hvar veggirnir hafa verið.

Suðausturveggurinn er sá eini sem enn stendur sæmilega. Hann er torfhlaðinn, um 1,5-2 m á breidd og hæstur um 0,3 m. Hann er töluvert úr lagi genginn og reglulega rofinn. Óvíst er hvaða hlutverki gerðið hefur þjónað en leiða má líkur að því að þarna hafi verið aðhald þar sem svæðið var nýtt til beitar.

Langvarandi hættumat: engin hætta.

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda.

ÁR-493 Kirkjuferjuháleiga

Sögulegar heimildir

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir, líklega um Kirkjuferjuháleigu sé tekið mið af lýsingum af staðsetningu: „Önnur háleiga efast menn að hjer hafi verið til forna: líkindi eru þar til fornar tóftaleifar og garða, og er ómögulegt að hjer eftir að byggjast kunni nema til meins heimajörðinni. Liggur þetta byggingarlag utangarðs og má ei byggjast ábúendanum án skaða.“ JÁM II, 396. Háleiga frá Kirkjuferju.

1847: „Hreppstjóri telur Kirkjuferjuháleigu, sem eigi er getið í nokkurri jarðabók, 21 1/3 h. að dýrleika, einsog heimajörðina.“ JJ, 74.

„Þessi jörð hefur yfirleitt verið jafnstór aðaljörðinni, Kirkjuferju, og eru landkostir jarðanna svipaðir.“ SB III, 391.

Landkostir

Túnakort 1917: Tún 2.9 ha, þar af c. 1/2 slétt. Garðar 352 m².

ÁR-494:003 heimild mylla

A 396565 N 383849

Í Sunnlenskum byggðum segir: „Vatnsmylla var í læk sem rennur meðfram túninu.“ Myllan er einnig sýnd á Herforingjaráðskorti 37 frá 1908. Myllan var um 215 m SSA við bæ 001 og um 150 m ANA við bæinn á Kirkjuferju. Í dag tilheyrir landið Kirkjuferju, ekki hjáleigunni. Lækurinn sem um ræðir er Ferjulækur, hann rann austan við túnið. Lækurinn er í lítilli dæld í landslaginu. Þar er grasi gróið og þýft auk þess að hestum er beitt á svæðinu. Þar sem myllan á að hafa staðið mjókkar lækurinn aðeins auk þess að þýfið minnkar. Ekki sjást nein ummerki um mylluna á yfirborði.

Langvarandi hættumat: engin hætta.

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda.

Heimildir: SB III; Hkort 37 SA.

ÁR-494:004 heimild traðir

A 396581 N 384046

Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir til suðausturs frá bæ 001, út heimatúnið. Traðirnar lágu niður brekku, yfir malarveg sem liggur að Kirkjuferju og nokkuð lengra. Þær hafa því endað inni á deiliskipulagsreit sem tekinn er út fyrr hönd landeigenda á Kirkjuferju árið 2025. Á svæðinu er grasi gróinn melur en fremur blautt og deiglent til suðurs. Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.

Langvarandi hættumat: engin hætta.

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda.

Heimildir: Túnakort 1920.

5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu eru til umfjöllunar niðurstöður deiliskráningar innan 5 ha úttekta svæðis sem tilheyrir lögbylinu Kirkjuferju í Ölfusi. Tveir minjastaðir sem skráðir voru undir hjáleigu jarðarinnar, Kirkjuferjuhjáleigu, eru einnig til umfjöllunar í skráningunni þar sem þeir eru nú innan landareignar Kirkjuferju. Deiliskipulagið nær yfir fremur deiglendan úthaga, um 40 m norðaustan gamla heimatúnsins og um 100 m norðaustan við gamla bæinn á Kirkjuferju. Deiliskipulagið er unnið vegna áætlana um byggingu fjögurra íbúðarhúsa á svæðinu.

Við vettvangsvinnu voru skráðar fjórar fornleifar innan deiliskipulagsmarka: mylla, hrútakofi, gerði og traðir. Þar að auki voru skráðar tvær fornleifar rétt utan marka svæðisins, annars vegar Kirkjuhóll (ÁR-493:002) og hins vegar býlið Gilsbakki (ÁR-493:021). Elstu þekktu heimildir um kirkju á jörðinni eru frá 14. öld en ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar hún stóð. Örnefnið Kirkjuhóll gefur hins vegar vísbendingu um að kirkjan hafi mögulega staðið þar, þó ekki. Lítið er vitað um býlið Gilsbakka og var líklega aðeins búið þar í skamman tíma í byrjun 20. aldar. Flestar minjarnar sem skráðar voru tengjast búskap og ábúð á jörðinni að undanskildum tröðunum sem gætu flokkast til samgönguminja og Kirkjuhólnum sem fellur undir trú og hefðir.

Ástand fornleifa á svæðinu er fremur slæmt og ber þess merki að vera í næsta nágrenni bæjarins enda hefur svæðið verið mikið nýtt í gegnum tíðina. Á fyrri öldum hefur það verið nýtt fyrir beit og sjást þar minjar um skepnuhald (t.d. hrútakofi og gerði), þar var korn malað (myllutóft) og nokkrar samgöngur hafa verið um svæðið eða í jaðri þess (sjá t.d. traðir). Skammt utan svæðis var svo um stutt skeið býli og hugsanlega einnig kirkja. Á seinni tímum hefur svæðið áfram nýst til beitar auk þess sem þar hafa verið byggð hús (og annað þeirra rífið) lagðir vegir og girðingar og eitthvað efnisnám átt sér stað. Yfirlit um skráðar minjar og ástand þeirra má sjá í töflu 1.

minja_id	Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Varanlegt hættumat	Tímabundið hættumat
3484_1	ÁR-493:002	Kirkjuhóll	Þúst	Kirkja/ huldufólksústaður	Hleðslur útflattar	Hætta, vegna ábúðar	Hætta
3484_2	ÁR-493:021	Gilsbakki	Þúst	Býli	Sést til	Hætta, vegna ábúðar	Engin hættu
3484_3	ÁR-493:023		Tóft	Hrútakofi	Hleðslur signar	Engin hættu	Stórhætta, vegna framkvæmda
3484_4	ÁR-493:024		Tóft	Gerði	Hleðslur signar	Engin hættu	Stórhætta, vegna framkvæmda
3484_5	ÁR-494:003		Heimild	Mylla	Ekki sést til fornleifar	Engin hættu	Stórhætta, vegna framkvæmda
3484_6	ÁR-494:004		Heimild	Traðir	Ekki sést til fornleifar	Engin hættu	Stórhætta, vegna framkvæmda

Tafla 1: Skráðar fornleifar innan deiliskipulagssvæðisins.

Tímabundið hættumat var gert fyrir allar skráðar fornleifar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Allar fornleifar innan marka úttektarsvæðisins voru metnar í stórhættu. Þær tvær fornleifar sem skráðar voru fast utan marka voru metnar í mis bráðri hættu þrátt fyrir að helgunarsvæði beggja (15 m) væri innan skipulagsmarka. Fornleif ÁR-493:002 var talin í almennri hættu líkt og venjan er um fornleifar skammt utan skipulagsmarka en fornleif ÁR-493:021 var ekki talin í hættu þar sem landamerkjagirðing liggur á milli hennar og úttektarsvæðisins og ljóst að framkvæmdir munu ekki ná út fyrir landamerkin. Sökum þessa var umrædd fornleif ekki álitin í hættu vegna framkvæmda. Rétt er að undirstrika að þó að minjar séu flokkaðar í hættu eða stórhættu vegna framkvæmda þýðir það hvorki að hættan sé óhjákvæmileg né óyfistíganleg. Þvert á móti er hættumatinu fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að ógna minjastöðum og teljast því minjar innan deiliskipulagsmarka sjálfkrafa í stórhættu við fyrstu skráningu. Í mörgum tilfellum reynist því unnt að tryggja varðveislu fornleifanna.

Samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands skal einnig leggja mat á almenna hættu sem hver minjastaður er í (varanlegt hættumat) og birtist það í fornleifaskrá (kaflí 4). Ef það reynist óhjákvæmilegt að raska minjunum vegna framkvæmda er það Minjastofnunar að ákveða hvort og með hvaða skilyrðum fornleifarnar mega víkja.

6. Heimildir

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* 1857-1950. I.-XV. bindi. [Án útgáfustaðar]: Hið íslenska bókmenntafélag.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1918-1921. II. bindi. Árnessýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafélag.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Lög um menningarminjar 80/12. 2021. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstj.). 2020. *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla III. Fyrri bindi*. FS789-12023. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

SB III: *Sunnlenskar byggðir*. III. Bindi. 1983. Selfoss: Búnaðarsamband Íslands.

Óprentaðar heimildir:

Hkort 37 SA: Dönsku herforingjaráðskortin. 1905-1915. Landsbókasafn Íslands.

Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands. 2025.

Túnakort: Uppdrættir af túnum 1917-1922. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Kirkjuferja: Örnefni í Kirkjuferju og Kirkjuferjuháleigu. 1981. Þórður Ö. Jóhannsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki: Minjakort

Kortið á næstu síðu er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. og sýnir minjastaði innan deiliskipulagssvæðisins auk þeirra sem eru innan 15 m utan marka svæðisins.

